

**3249. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. mars 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Anna Lára Steindal varaáheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varaáheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1502098 - Tölvubúnaður Akraneskaupstaðar - stækkun og endurbætur á miðlægum tölvubúnaði**

Endurnýjun á hluta miðlægs tölvubúnaðar Akraneskaupstaðar.

*Ingibjörg Valdimarsdóttir, vikur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir kaup á vélbúnaði (netþjón og diskastæðu) sem tilheyrir miðlægum tölvubúnaði Akraneskaupstaðar.*

*Um er að ræða eignfærða fjárfestingu að fjárhæð kr. 4,8 mkr. (með vsk) og vinnu sérfræðinga að fjárhæð kr. 400.000 (án vsk) eða samtals 5,2 mkr. sem verði mætt með samsvarandi lækkun á handbæru fé.*

**2. 1411073 - Búnaðar- og áhaldakaup 2015 (tækjakaupasjóður) - erindi frá Vallarseli.**

Beiðni um fjárveitingu fyrir Leikskólann Vallarsel til kaupa á felliborði og 12 stólum.

*Bæjarráð samþykkir kaup á felliborði og tólf stólum fyrir leikskólann Vallarsel að fjárhæð kr. 300.000.*

*Fjármununum verður ráðstafað af liðnum viðhald áhalda 20830-4660.*

**3. 1411073 - Búnaðar- og áhaldakaup 2015 (tækjakaupasjóður) - erindi vegna bæjarskrifstofu.**

Beiðni um vélbúnað/tölvur/skjái.

*Bæjarráð samþykkir kaup á tölvubúnaði fyrir bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar að fjárhæð kr. 937.000.*

*Fjármunum verður ráðstafað af liðnum viðhald áhalda 20830-4660.*



**4. 1503027 - Gaman saman - gjaldskrá vorönn 2015**

Drög að gjaldskrá Þorpsins vegna frístundatilboðsins Gaman saman.

*Bæjarráð samþykkir gjaldskrána með gildistöku frá og með 16. mars næstkomandi.*

**5. 1502239 - Akrasel - lengri opnunartími**

Tillaga um lengri opnunartíma.

*Bæjarráð samþykkir að ráðstafa fjármunum vegna aukins opnunartíma á leikskólanum Akraseli frá 1. ágúst næstkomandi.*

*Auknum kostnaði vegna þjónustu leikskólans verði mætt með fjárveitingu af liðnum óviss útgjöld, samtals kr. 670.000.*

**6. 1502240 - Leikskólar - fjöldi starfsmannafunda**

*Bæjarráð samþykkir úthlutun fjármuna, samtals að fjárhæð kr. 640.000, til leikskólanna á Akranesi til að mæta kostnaði vegna starfsmannafunda utan opnunartíma.*

*Skipting fjármunanna á milli leikskólanna er eftirfarandi:*

- 1. Akrasel kr 217.000.*
- 2. Garðasel kr. 126.000.*
- 3. Teigasel kr. 108.000.*
- 4. Vallarsel kr. 189.000.*

*Fjármununum verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.*

**7. 1503038 - Eyrarlundur 2-4-6 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar ehf. dags. 4.3.2015, um byggingarlóð við Eyrarlundur 2-4-6.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Eyrarlundur 2-4-6 til Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar ehf.*

**8. 1502249 - Asparskógar 29 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. dags. 26.2.2015, um byggingarlóð við Asparskóga 29.

*Lóðin er ekki laus og umsókninni því synjað.*

**9. 1502250 - Asparskógar 27 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 27.

*Lóðin er ekki laus og umsókninni því synjað.*

**10. 1502248 - Asparskógar 24 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 24.

*Lóðin er ekki laus og umsókninni því synjað.*

**11. 1502247 - Asparskógar 18 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingar ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 18.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar Asparskógar 18 til Uppbyggingar ehf.*

**12. 1411168 - Lóðir á Breið**

Lagt fram erindi Fasteignasölu Vesturlands, f.h. Björgunarfélags Akraness og Slysavarnardeildarinnar Lífar, með tilboði til Akraneskaupstaðar um kaup á lóðum á Breið. Ennfremur lögð fram greinargerð sviðsstjóra skípulags- og umhverfissviðs um málið.

*Jóhannes Karl Guðjónsson vísar af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að fara í viðræður um mögulega kaup lóðanna samkvæmt þeim umræðum sem fram fóru á fundinum.*

**13. 1406089 - Faxabraut 7 - stækkun lóðar**

Erindi Nótastöðvarinnar hf. um stækkun lóðar við Faxabraut 7.

*Bæjarráð synjar Nótastöðinni hf. um stækkun lóðar við Faxabraut 7.*

**14. 1402046 - Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs**

Minnisblað framkvæmdastjóra eignasviðs Íbúðalánasjóðs dags. 1.3.2015.

*Minnisblað framkvæmdastjóra eignasviðs Íbúðalánasjóðs lagt fram til kynningar.*

**15. 1411125 - Írskir dagar 2015**

Erindi menningar- og safnanefndar dags. 10.3.2015, þar sem óskað er eftir að bæjarráð samþykki að fenginn verði utanaðkomandi aðili til að taka að sér framkvæmd Írskra daga.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að útfæra hugmyndina í samráði við formann menningar- og safnanefndar.*

**16. 1503071 - Íslandsmótið í golfi 2015**

Drög að framkvæmdasamningi við Golfklúbbinn Leyni vegna Íslandsmóts í golfi 2015

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi framkvæmdasamning við Golfklúbbinn Leyni vegna Íslandsmóts í golfi sem fram fer á Garðavelli dagana 23. júlí til 26. júlí næstkomandi og felur bæjarstjóra að skrifa undir samninginn.*

*Í samþykkttri framkvæmdaáætlun vegna ársins 2015 er gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000.*

*Bæjarráð vísar samningnum til bæjarstjórnar til staðfestingar.*

**17. 1502106 - Fræðsluferð starfsmanna til Malmö í Svíþjóð.**

Ósk um leyfi föstudaginn 15. maí nk. vegna fræðsluferðar.

*Bæjarráð samþykkir að veita þeim starfsmönnum Akraneskaupstaðar sem eru að fara til Malmö í fræðsluferð dagana 14.-17. maí næstkomandi, leyfi til að sækja fræðslufund föstudaginn 15. maí.*

**18. 1503049 - Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga - endurgreiðsluhlutfall B-deildar Akraneskaupstaðar 2015**

Erindi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga dags. 26.2.2015, þar sem gerð er grein fyrir tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins um endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS. Lagt er til að hlutfallið haldist óbreytt eða 56% fyrir árið 2015.

*Bæjarráð samþykkir að hlutfall endurgreiðslu lífeyris vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS verði 56%.*

*Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til samþykktar.*

**19. 1503021 - SSV - aðalfundur 2015**

Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, sem haldinn verður á Hótel Hamri í Borgarnesi miðvikudaginn 25. mars nk. og hefst hann kl. 10.

*Bæjarráð samþykkir að eftirfarandi fulltrúar sækji fundinn f.h. Akraneskaupstaðar: Valdís Eyjólfsdóttir, Raket Óskarsdóttir, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Sigrún Inga Guðnadóttir.*

**20. 1501335 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2015**

Fundarboð XXIX. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn verður í Salnum í Kópavogi föstudaginn 17.4.2015 og hefst hann kl. 10:00.

*Bæjarráð samþykkir að eftirfarandi fulltrúar sækji fundinn f.h. Akraneskaupstaðar: Ólafur Adolfsson, Sigríður Indriðadóttir, Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir og Ingibjörg Valdimarsdóttir.*

**21. 1503023 - Spölur - aðalfundur 2015**

Aðalfundarboð Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. sem haldinn verður föstudaginn 20. mars nk. kl. 11 á Gamla Kaupfélaginu.

*Aðalfundarboðið fram til kynningar.*

**22. 1502110 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar**

Mál nr. 338 - um seinkun klukkunnar og bjartari morgna.

*Lagt fram til kynningar.*

**23. 1503048 - Húsmæðraorlof 2015 - Orlofsnefnd Mýra- og Borgarfjarðars.**

Erindi Orlofsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dags. 4.3.2015 varðandi lögbundið framlag vegna orlofs húsmæðra.

*Bæjarráð samþykkir erindið með vísan til laga þar að lútandi.*

**24. 1501212 - Fundargerðir 2015 - menningar- og safnanefnd**

9. fundargerð menningarmálanefndar frá 5.3.2015.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**25. 1501213 - Fundargerðir 2015 - starfshópur um Breið**

7. fundargerð starfshóps um Breið frá 10.2.2015.


*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**26. 1501219 - Fundargerðir 2015 - Samband ísl. sveitarfélaga**

826. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.2.2015.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:25.**

  
Valdís Eyjólfsdóttir  
Frjóbjörg Valdimarsdóttir  
Anna Lára Standal  
Jóhannes Karl Guðjónsson  
Ragnheiður Ásvaldadóttir  
Sæma Helguson